

## SAMÞYKKT

um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúans í Reykjavík.

### 1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík afgreiðir, án staðfestingar skipulagsráðs, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefnda í lögnum.

### 2. gr.

Undanskilin frá afgreiðslum skv. 1. gr. eru byggingarskilmálar, nafngiftir á götum, vegum og torgum, ásamt beitingu ákvæða í VI. kafla laganna eftir því sem við á, sbr. þó heimildarákvæði í samþykkt fyrir skipulagsráð. (breytt með 1201/2007)

### 3. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmála og öðrum samþykktum Reykjavíkurborgar um byggingarmál.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu skipulagsráðs, sérstaklega ef ætla má að aðili muni ekki vilja sæta niðurstöðu hans.

### 4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulagsráðs og bókaðar í fundargerð, og hljóta endanlega afgreiðslu borgarráðs með sama hætti og samþykktir skipulagsráðs skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

### 5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

### 6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa er honum heimilt að skjóta afgreiðslu hans til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og 10. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Skal aðilum leiðbeint um kærufrest þegar um kæranlega ákvörðun er að ræða.

### 7. gr.

Ofangreind samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 7. mgr. 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 558/2003 með sama heiti.

Umhverfisstjórnuneytinu, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Smári Þorvaldsson.